# ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS

## HÖFUÐSTÖÐVAR ARION BANKA

29. APRÍL 2015 KL. 17:15




FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

# KYNNING ÁRSREIKNINGS

ARNALDUR LOFTSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

# BREYTINGAR Á HREINNI EIGN

| | 2014 | 2013 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld | 9.912 | 8.994 | 10% |
| Lífeyrir | -3.237 | -2.531 | 28% |
| Fjárfestingartekjur | 8.094 | 9.367 | -14% |
| Fjárfestingargjöld | -342 | -315 | 9% |
| Rekstrarkostnaður | -163 | -149 | 9% |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 14.264 | 15.366 | -7% |
| Hrein eign frá fyrra ári | 132.034 | 116.668 | 13% |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | **146.298** | **132.034** | **11%** |

## Sundurliðun hreinnar eignar í árslok

| Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Tryggingadeild | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| 80.718 | 6.933 | 17.953 | 116 | 40.578 | 146.298 |



Fjárhæðir í milljónum króna

# ÞRÓUN Á STÆRÐ FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS




Fjárhæðir í milljónum króna



FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# ÞRÓUN Á STÆRÐ FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS

## Í HLUTFALLI VIÐ ÍSLENSKA LÍFEYRISKERFIÐ






Heimild: Eignastýring Arion banka og Seðlabanki Íslands

# IÐGJÖLD

## Breytingar á hreinni eign

| | 2014 | 2013 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld sjóðfélaga | 3.371 | 2.912 | 16% |
| Iðgjöld launagreiðenda | 6.555 | 5.951 | 10% |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | 2 | 12 | -80% |
| Sérstök aukaframlög | 126 | 118 | 7% |
| Viðbótariðgjöldum ráðstafað inn á höfuðstól lána | -142 | 0 | |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | **9.912** | **8.994** | **11%** |

## Skýring 10. Greining á iðgjöldum sjóðfélaga og launagreiðenda

| | 2014 | 2013 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Lágmarksiðgjöld | 8.166 | 7.436 | 10% |
| Viðbótariðgjöld | 1.759 | 1.428 | 23% |



Fjárhæðir í milljónum króna

# LÍFEYRIR

## Breytingar á hreinni eign

| | 2014 | 2013 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Lífeyrir | 2.142 | 1.823 | 18% |
| Útgreiðsla séreignarsparnaðar skv. br.b.ákvæði | 1.007 | 630 | 60% |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | 88 | 78 | 14% |
| | **3.237** | **2.531** | **28%** |

## Skýring 12. Sundurliðun á lífeyri

| | 2014 | 2013 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 1.737 | 1.513 | 15% |
| Barnalífeyrir | 18 | 11 | 56% |
| Makalífeyrir | 30 | 25 | 21% |
| Örorkulífeyrir | 243 | 171 | 42% |
| Annar lífeyrir | 115 | 103 | 12% |
| | **2.142** | **1.823** | **18%** |



Fjárhæðir í milljónum króna

# ÚTGREIÐSLA SÉREIGNARSPARNAÐAR

## SAMKVÆMT BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI LAGA






Fjárhæðir í milljónum króna.

# FJÁRFESTINGARTEKJUR

## Breytingar á hreinni eign

| | 2014 | 2013 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Tekjur af eignarhlutum | 595 | 1.134 | -48% |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 7.509 | 7.858 | -4% |
| Breytingar á niðurfærslu | -10 | 375 | |
| | **8.094** | **9.367** | **-14%** |

## Skýring 16. Vaxtatekjur og gengismunur

| | 2014 | 2013 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Skuldabréf og hlutdeildarskírteini | 5.831 | 10.049 | -42% |
| Vaxtatekjur vegna iðgjalda | 22 | 55 | -60% |
| Bankainnstæður | 559 | 365 | 53% |
| Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla | 1.107 | -2.607 | 142% |
| Viðskiptakostnaður | -10 | -5 | 100% |
| | **7.509** | **7.858** | **-4%** |



Fjárhæðir í milljónum króna

# FJÁRFESTINGARGJÖLD OG REKSTRARKOSTNAÐUR

## Breytingar á hreinni eign - Fjárfestingargjöld

| | 2014 | 2013 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | -169 | -157 | 7% |
| Önnur fjárfestingargjöld | -173 | -157 | 10% |
| | **-342** | **-315** | **9%** |

## Breytingar á hreinni eign - Rekstrarkostnaður

| | 2014 | 2013 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | -163 | -149 | 9% |
| | **-163** | **-149** | **9%** |

## Skýring 17. Sundurliðun á fjárfestingargjöldum og rekstrarkostnaði

| | 2014 | 2013 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Umsýsluþóknun | -417 | -388 | 7% |
| Vörsluþóknun | -32 | -32 | 2% |
| Annar kostnaður | -56 | -44 | 27% |
| | **-505** | **-464** | **9%** |



Fjárhæðir í milljónum króna

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## Í LOK ÁRS

| | 2014 | 2013 | Breyting |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar:** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 58.264 | 53.107 | 10% |
| Verðbréf með föstum tekjum | 73.703 | 66.683 | 11% |
| Veðlán | 2.741 | 2.164 | 27% |
| Bankainnstæður | 2.965 | 2.766 | 7% |
| Aðrar fjárfestingar | 40 | 43 | -7% |
| **Kröfur:** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 669 | 544 | 23% |
| Aðrar kröfur | 217 | 92 | 136% |
| **Aðrar eignir:** | | | |
| Sjóður og veltiinnlán | 8.251 | 6.992 | 18% |
| **Skuldir:** | | | |
| Ógreidd iðgjöld til ráðstöfunar inn á höfuðstól lána | -38 | 0 | |
| Aðrar skuldir | 513 | -357 | 44% |
| Eignir samtals | 146.849 | 132.392 | 11% |
| Skuldir samtals | -551 | -357 | 54% |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **146.298** | **132.034** | **11%** |



Fjárhæðir í milljónum króna.

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# SJÓÐSTREYMI

| | 2014 | 2013 | Breyting |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur:** | | | |
| Iðgjöld | 9.912 | 8.994 | 10% |
| Fjárfestingartekjur | 665 | 658 | 1% |
| Afborganir verðbréfa | 4.883 | 4.526 | 8% |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 12.410 | 8.949 | 39% |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 712 | 2.814 | -75% |
| Seldar aðrar fjárfestingar | 0 | 9 | |
| | 28.583 | 25.950 | 10% |
| **Útgreiðslur:** | | | |
| Lífeyrir | 3.237 | 2.530 | 28% |
| Fjárfestingargjöld | 341 | 315 | 8% |
| Rekstrarkostnaður | 164 | 149 | 10% |
| Skammtímaliðir, breyting | 56 | 395 | -86% |
| | 3.798 | 3.390 | 12% |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum | 24.785 | 22.560 | 10% |
| Keypt verðbréf með breytilegum tekjum | 12.747 | 12.456 | 2% |
| Keypt verðbréf með föstum tekjum | 9.767 | 5.206 | 88% |
| Ný veðlán og útlán | 814 | 601 | 35% |
| Hækkun á bankainnistæðum | 199 | 266 | -25% |
| Keyptar aðrar fjárfestingar | 0 | 43 | -100% |
| | 23.526 | 18.573 | 27% |
| **Hækkun /(lækkun) á sjóði og veltiinnlánum** | 1.258 | 3.987 | -68% |
| **Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun** | 6.992 | 3.005 | 133% |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | 8.251 | 6.992 | 18% |

# BREYTINGAR Á INNEIGN SJÓÐFÉLAGA

## Skýring 20

| | 2014 | 2013 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld | 9.912 | 8.994 | 10% |
| Greiddur lífeyrir | -3.237 | -2.531 | 28% |
| Fjárfestingartekjur | 7.589 | 8.903 | -15% |
| | **14.264** | **15.366** | **-7%** |



Fjárhæðir í milljónum króna

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

## Í LOK ÁRS 2014

| | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Heildar skuldbinding |
|---|---|---|---|
| Eignir umfram skuldbindingar | 818 | 960 | 1.778 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | 2,1% | 1,5% | 1,7% |



Fjárhæðir í milljónum króna.

# FJÖLDI SJÓÐFÉLAGA



# ÁVÖXTUN OG EIGNASTÝRING

MARINÓ ÖRN TRYGGVASON

FORSTÖÐUMAÐUR EIGNASTÝRINGAR FAGFJÁRFESTA

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

# ÞRÓUN MARKAÐA 2014



# ÞRÓUN MARKAÐA 2014

## Í SAMANBURÐI VIÐ 2013




Innlend hlutabréf: Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands (OMXI8ISK); Erlend hlutabréf: Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI World Index, ISK).

Heimild: Hagstofa Íslands, Stefnir hf., Nasdaq Iceland, Bloomberg og Arion banki hf.

# ÞRÓUN ÁVÖXTUNARKRÖFU




Heimild: Nasdaq Iceland og Arion banki hf.

# ÁVÖXTUN



# ÁVÖXTUN

## 2014




* Skuldabréf eru gerð upp á kaupkröfu, sjá skýringu 22 í ársreikningi.

# ÁVÖXTUN Á MÓTI VIÐMIÐI

## 2014




* Skuldabréf eru gerð upp á kaupkröfu, sjá skýringu 22 í ársreikningi.

# UPPGJÖRSAÐFERÐIR LÍFEYRISSJÓÐA

- Lífeyrissjóðir gera almennt upp með svokallaðri kaupkröfuaðferð
  - Felur í sér að breytingar á markaðsverði skuldabréfa hafa lítil áhrif á ávöxtun
  - Árleg ávöxtun skuldabréfa er þekkt við kaup bréfsins (að því gefnu að skuldari standi í skilum)
- Tryggingadeild sjóðsins gerir upp með kaupkröfu en séreignaleiðir miðað við markaðsverð skuldabréfa

# NAFNÁVÖXTUN OG UPPGJÖRSAÐFERÐ

## 2014




Skuldabréf eru gerð upp á kaupkröfu.



FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# RAUNÁVÖXTUN OG UPPGJÖRSAÐFERÐ

## 2014




Skuldabréf eru gerð upp á kaupkröfu.

# FRJÁLSI 1

## ÁVÖXTUN TIL LANGS TÍMA



# FRJÁLSI 2

## ÁVÖXTUN TIL LANGS TÍMA




FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# FRJÁLSI 3

## ÁVÖXTUN TIL LANGS TÍMA



# FRJÁLSI ÁHÆTTA

## ÁVÖXTUN TIL LANGS TÍMA



# FRJÁLSI TRYGGINGADEILD

## ÁVÖXTUN TIL LANGS TÍMA *






* Skuldabréf eru gerð upp á kaupkröfu, sjá skýringu 22 í ársreikningi.

# ÁVÖXTUN

## MEÐALTAL RAUNÁVÖXTUNAR MIÐAÐ VIÐ ÁRSLOK 2014




* Skuldabréf eru gerð upp á kaupkröfu, sjá skýringu 22 í ársreikningi.
** Fjárfestingarleiðin Frjálsi Áhætta var stofnuð 1. janúar 2008 og hefur því ekki 10 ára rekstrarsögu.

# FRJÁLSI 1

## NÁNAR UM ÁVÖXTUN



# ÁVÖXTUN 2014

## FRJÁLSI 1

SUNDURBROT ÁVÖXTUNAR




FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# EIGNASAMSETNING



# EIGNASAMSETNING

## 31.12.2014

| Eignaflokkar | Frjálsi Áhætta | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Tryggingadeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs | 50,6% | 40,3% | 60,5% | 63,5% | 58,3% |
| Skuldabréf með ábyrgð bæjar- og sveitarfélaga | 0,0% | 0,1% | 0,2% | 0,2% | 0,5% |
| Skuldabréf með veð í fasteign | 0,0% | 1,8% | 0,2% | 0,4% | 3,3% |
| Innlán í bönkum og sparisjóðum | 13,0% | 4,1% | 8,1% | 26,2% | 6,6% |
| Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana | 0,0% | 1,3% | 2,6% | 3,6% | 1,5% |
| Erlend hlutabréf | 2,4% | 25,9% | 6,7% | 0,0% | 6,1% |
| Skráð innlend hlutabréf | 27,9% | 9,5% | 6,2% | 0,0% | 8,8% |
| Óskráð innlend hlutabréf | 2,3% | 5,3% | 5,0% | 0,8% | 4,2% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 1,7% | 3,7% | 3,7% | 2,3% | 3,7% |
| Erlend skuldabréf | 0,0% | 1,5% | 1,5% | 0,8% | 1,3% |
| Annað | 0,5% | 2,0% | 2,3% | 2,2% | 2,4% |
| Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu | 1,5% | 4,4% | 3,0% | 0,0% | 3,3% |
| **Samtals:** | **100,0%** | **100,0%** | **100,0%** | **100,0%** | **100,0%** |

| | Frjálsi Áhætta | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi TRD |
|---|---|---|---|---|---|
| Stærð 31.12.2013 * | 33.753 | 73.425.353 | 6.457.823 | 17.133.667 | 34.983.648 |
| Stærð 31.12.2014 * | 116.142 | 80.718.317 | 6.932.968 | 17.952.574 | 40.577.928 |
| Vöxtur | 244,1% | 9,9% | 7,4% | 4,8% | 16,0% |
| Verðtrygging skuldabréfasafns | 88,2% | 93,7% | 90,8% | 88,3% | 96,0% |
| Meðallíftími skuldabréfasafns | 8,2 ár | 9,4 ár | 8,1 ár | 4,8 ár | 10,6 ár |



* Hrein eign til greiðslu lífeyris. Fjárhæðir í þúsundum króna.

# EIGNASAMSETNING

## 31.12.2014

| Eignaflokkar | Frjálsi Áhætta | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Tryggingadeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs | 50,6% | 40,3% | 60,5% | 63,5% | 58,3% |
| Skuldabréf með ábyrgð bæjar- og sveitarfélaga | 0,0% | 0,1% | 0,2% | 0,2% | 0,5% |
| Skuldabréf með veð í fasteign | 0,0% | 1,8% | 0,2% | 0,4% | 3,3% |
| Innlán í bönkum og sparisjóðum | 13,0% | 4,1% | 8,1% | 26,2% | 6,6% |
| Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana | 0,0% | 1,3% | 2,6% | 3,6% | 1,5% |
| Erlend hlutabréf | 2,4% | 25,9% | 6,7% | 0,0% | 6,1% |
| Skráð innlend hlutabréf | 27,9% | 9,5% | 6,2% | 0,0% | 8,8% |
| Óskráð innlend hlutabréf | 2,3% | 5,3% | 5,0% | 0,8% | 4,2% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 1,7% | 3,7% | 3,7% | 2,3% | 3,7% |
| Erlend skuldabréf | 0,0% | 1,5% | 1,5% | 0,8% | 1,3% |
| Annað | 0,5% | 2,0% | 2,3% | 2,2% | 2,4% |
| Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu | 1,5% | 4,4% | 3,0% | 0,0% | 3,3% |
| **Samtals:** | **100,0%** | **100,0%** | **100,0%** | **100,0%** | **100,0%** |

| | Frjálsi Áhætta | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi TRD |
|---|---|---|---|---|---|
| Stærð 31.12.2013 * | 33.753 | 73.425.353 | 6.457.823 | 17.133.667 | 34.983.648 |
| Stærð 31.12.2014 * | 116.142 | 80.718.317 | 6.932.968 | 17.952.574 | 40.577.928 |
| Vöxtur | 244,1% | 9,9% | 7,4% | 4,8% | 16,0% |
| Verðtrygging skuldabréfasafns | 88,2% | 93,7% | 90,8% | 88,3% | 96,0% |
| Meðallíftími skuldabréfasafns | 8,2 ár | 9,4 ár | 8,1 ár | 4,8 ár | 10,6 ár |

* Hrein eign til greiðslu lífeyris. Fjárhæðir í þúsundum króna.



FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# ÞRÓUN NOKKURRA FLOKKA

## FRJÁLSI 1






FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# ÞRÓUN NOKKURRA FLOKKA

## FRJÁLSI 2






FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# ÞRÓUN NOKKURRA FLOKKA

## FRJÁLSI 3



# ÞRÓUN NOKKURRA FLOKKA

## FRJÁLSI ÁHÆTTA




FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

# ÞRÓUN NOKKURRA FLOKKA

## TRYGGINGADEILD



# ÁRIÐ 2015



# ÞRÓUN MARKAÐA FRAM TIL 26.04.2015

## Í SAMANBURÐI VIÐ SAMA TÍMA 2014




Innlend hlutabréf: Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands (OMXI8ISK); Erlend hlutabréf: Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI World Index, ISK).
Heimild: Hagstofa Íslands, Stefnir hf., Nasdaq Iceland, Bloomberg og Arion banki hf.



FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# ÁVÖXTUN

## 31.12.2014 – 21.04.2015




* Skuldabréf eru gerð upp á kaupkröfu

# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN

ÓLAFUR ÖRN JÓNSSON

SJÓÐSTJÓRI

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

# UM TRYGGINGADEILD FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS

- Með greiðslu iðgjalds til tryggingadeildar öðlast sjóðfélagar rétt til greiðslu lífeyris.
- Hægt að líta þannig á að með greiðslu iðgjalds séu sjóðfélagar að kaupa tryggingu af sjóðnum.
- **Ellilífeyrir** er greiddur frá viðmiðunaraldri (67, 70 eða 85 ár) til æviloka. Líta má á ellilífeyri sem tryggingu gegn langlífi, greiðslur haldast óháð því hvað sjóðfélaginn verður gamall.
- **Örorkulífeyrir** er greiddur við orkutap sjóðfélaga. Líta má á örorkulífeyri sem tryggingu gegn því að sjóðfélagi verði óvinnufær.
- **Makalífeyrir** er greiddur til maka við andlát sjóðfélaga. Líta má á makalífeyri sem ígildi líftryggingar.
- **Barnalífeyrir** er greiddur til barna undir 18 ára aldri við andlát eða orkutap sjóðfélaga.

# HVERS VEGNA TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN?

- Reglugerð 391/1998 kveður á um að stjórn lífeyrissjóðs skuli árlega láta fara fram **tryggingafræðilega athugun** á fjárhag sjóðsins.
- Tryggingafræðileg athugun gengur í raun út á að verðleggja þær tryggingar sem sjóðurinn er búinn að gefa út (réttindi sjóðfélaga) og bera þær saman við eignir sjóðsins.
- Verðið á tryggingunum er skuldbinding sjóðsins og á móti skuldbindingunni verða að vera til eignir.
- Löggjafinn setur ákveðin mörk á hvað eignir mega víkja mikið frá skuldbindingum sjóðsins.
- 10% frávik til 1 árs, 5% frávik í 5 ár.
- Viðbrögð við fráviki þurfa að setja sjóðinn innan marka.
- Breyting á réttindum sjóðfélaga liggur þá yfirleitt beinast við.
- Við réttindabreytingu breytist verðmæti tryggingarinnar og þar með er skuldbinding sjóðsins aðlöguð að eignastöðunni.

# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN - FRAMKVÆMD

- Útreikningur miðast við núverandi hóp sjóðfélaga.
- Fundnar eru væntar útborganir ár fyrir ár, þar til síðasti rétthafi er fallinn frá.
  - Tryggingafræðilegar forsendur um lífslíkur-, örorkulíkur, sambúðarlíkur og barneignalíkur.
- Vænt greiðsluflæði sjóðsins er síðan núvirt m.v. tiltekna ávöxtun.
- Niðurstaða núvirðingarinnar er sú eignastaða sem þarf að vera til staðar til að geta mætt skuldbindingum sjóðsins að því gefnu að tiltekin ávöxtun náist.
- Útreikningum er skipt í tvennt:
  - Áunnið: vegna réttinda sem búið er að afla.
  - Framtíð: réttindi sem áætlað er að bætist við vegna núverandi sjóðfélaga sem greiða iðgjöld.
  - Miðað við iðgjöld greidd á s.l. 12 mánuðum.

# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN - FORSENDUR

- Til að geta reiknað vænt greiðsluflæði þurfa ýmsar tryggingafræðilegar forsendur að liggja fyrir. Helstu forsendur eru frá Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga:

- Lífslíkur
  - Íslensk reynsla árin 2007– 2011, aðgreint fyrir karla og konur.
- Örorkulíkur
  - Meðaltal íslenskra lífeyrissjóða árin 1998 – 2002, aðgreint fyrir karla og konur.
  - Oft notað tiltekið hlutfall miðað við reynslu sjóðs.
  - Fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn er notað rúmlega 60%.
- Annað
  - Hjúskapur og barneignalíkur.
- Vextir
  - Almennt miðað við 3,5% raunávöxtun.

# FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

## TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA Í LOK ÁRS 2014

| Tryggingafræðileg staða Frjálsa lífeyrissjóðsins 2014 – fjárhæðir í milljónum | | | |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| | **Áunnið** | **Framtíð** | **Heildar** |
| Eignir: | 40.577,9 | | 40.577,9 |
| Endurmat:: | 462,1 | | 462,1 |
| Fjárfestingagjöld: | -1.012,3 | | -1.012,3 |
| Iðgjöld: | 0 | 63.928,7 | 63.928,7 |
| Samtals: | **40.027,7** | **63.928,7** | **103.956,4** |
| | | | |
| **Skuldbindingar** | | | |
| | | | |
| Ellilífeyrir: | 28.930,5 | 43.923,0 | 72.853,5 |
| Örorkulífeyrir: | 7.505,5 | 13.924,0 | 21.429,5 |
| Makalífeyrir: | 2.442,1 | 3.637,2 | 6.079,3 |
| Barnalífeyrir: | 91,1 | 705,6 | 796,7 |
| Kostnaður: | 240,6 | 778,5 | 1.019,1 |
| Samtals: | **39.209,8** | **62.968,3** | **102.178,1** |
| | | | |
| **Mismunur:** | **817,9** | **960,4** | **1.778,3** |
| **Hlutf. af skuldb.** | 2,1% | 1,5% | 1,7% |

# BREYTINGAR Á ÁRINU 2014

| | Áfallið | Framtíð | Alls |
|---|---|---|---|
| **2013** | | | |
| Eignir – skuldbindingar | 283,9 | -77,9 | 206,0 |
| Hlutfall | 0,8% | -0,1% | 0,2% |
| **2014** | | | |
| Eignir – skuldbindingar | 817,9 | 960,4 | 1.778,3 |
| Hlutfall | 2,1% | 1,5% | 1,7% |

Áfallin staða batnar um 1,3 prósentustig á milli ára.

Framtíðarstaða batnar um 1,6 prósentustig á milli ára.

Heildarstaða batnar um 1,5 prósentustig á milli ára.

# NIÐURSTAÐA

- Eignir umfram skuldbindingar 1,7%.
- Kallar ekki á sérstök viðbrögð.
- Líklegt er að í næstu tryggingafræðilegu athugun verði notaðar aðrar forsendur um lífslíkur.
- Í stað þess að notast við reynslu tiltekins tímabils í fortíðinni (næst 2010-2014) verður líklega notast við spá um aukningu lífslíkna.
- Þetta gæti þýtt að skuldbindingar sjóðsins gætu hækkað um 10% - 15%.
- Viðfangsefni stjórna lífeyrissjóða að bregðast við þessum breytingum.
- Líklegast að þessu verði meðal annars mætt með hækkun á lífeyristökualdri.

# FJÁRFESTINGARSTEFNA SJÓÐSINS

MARINÓ ÖRN TRYGGVASON

FORSTÖÐUMAÐUR EIGNASTÝRINGAR FAGFJÁRFESTA

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# MARKMIÐ

- Séreignardeildir eru með ávöxtunarmarkmið
  - Valfrelsi, sjóðfélagi velur sjálfur fjárfestingarstefnu og þar með áhættustig (og vænta ávöxtun)
  - Stjórn mótar fjárfestingarstefnur sem sjóðfélagar geta valið á milli
  - Eignastýring á að leitast við að ná sem bestri ávöxtun miðað við þá áhættu sem felst í hverri fjárfestingarstefnu
- Tryggingadeild er með réttindamarkmið
  - Stjórn mótar stefnu þar sem markmið sjóðsins er að geta staðið undir þeim réttindum sem skilgreind eru í samþykktum
- Samspil séreignar og samtryggingar
  - Leitast er við að bjóða upp á mismunandi leiðir til þess að sjóðfélagi geti valið þá leið sem hentar honum best

# MARKMIÐ




FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# FRJÁLSI ÁHÆTTA

| Skuldabréf fyrirtækja | Markmið 2014 | Vikmörk 2014 | Markmið 2015 | Vikmörk 2015 |
|---|---|---|---|---|
| Innlán í bönkum og sparisjóðum | 0% | 0-25% | **5%** | 0-25% |
| Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs | 46% | 20-100% | **36%** | 20-100% |
| Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga | 2% | 0-10% | 2% | 0-10% |
| Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana | 2% | 0-10% | 2% | 0-10% |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf | 0% | 0-5% | 0% | 0-5% |
| Hlutabréf | 35% | 0-60% | **45%** | 0-**70%** |
| Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu | 5% | 0-10% | 5% | 0-10% |
| Önnur verðbréf | 10% | 0-40% | **5%** | 0-40% |
| Fjárfesting í íbúðarhúsnæði | 0% | 0-1% | 0% | 0-1% |
| **Samtals:** | **100,0%** | | **100,0%** | |

Vægi í flokknum *Innlán í bönkum og sparisjóðum* aukið úr 0% í 5%.

Vægi í flokknum *Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs* minnkað úr 46% í 36%.

Vægi í flokknum *Hlutabréf* aukið úr 35% í 45%. Vikmörk aukin, úr 0-60% í 0-70%

Vægi í flokknum *Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu* minnkað úr 10% í 5%.

# FRJÁLSI 1

| Skuldabréf fyrirtækja | Markmið 2014 | Vikmörk 2014 | Markmið 2015 | Vikmörk 2015 |
|---|---|---|---|---|
| Innlán í bönkum og sparisjóðum | 0% | 0-15% | **5%** | 0-**20%** |
| Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs | 50% | 30-100% | **40%** | 30-100% |
| Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga | 4% | 0-10% | **2%** | 0-10% |
| Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana | 4% | 0-10% | **1%** | 0-10% |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf | 2% | 0-10% | 2% | 0-10% |
| Hlutabréf | 30% | 0-55% | **40%** | 0-**60%** |
| Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu | 5% | 0-10% | 5% | 0-10% |
| Önnur verðbréf | 5% | 0-40% | 5% | 0-40% |
| Fjárfesting í íbúðarhúsnæði | 0% | 0-1% | 0% | 0-1% |
| **Samtals:** | **100,0%** | | **100,0%** | |

Vægi í flokknum *Innlán í bönkum og sparisjóðum* aukið úr 0% í 5%. Vikmörk aukin, úr 0-15% í 0-20%.

Vægi í flokknum *Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs* minnkað úr 50% í 40%.

Vægi í flokknum *Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga* minnkað úr 4% í 2%.

Vægi í flokknum *Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana* minnkað úr 4% í 1%.

Vægi í flokknum *Hlutabréf* aukið úr 30% í 40%. Vikmörk aukin, úr 0-55% í 0-60%

# FRJÁLSI 2

| Skuldabréf fyrirtækja | Markmið 2014 | Vikmörk 2014 | Markmið 2015 | Vikmörk 2015 |
|---|---|---|---|---|
| Innlán í bönkum og sparisjóðum | 0% | 0-15% | **5%** | 0-**20%** |
| Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs | 70% | 50-100% | **60%** | **40**-100% |
| Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga | 5% | 0-10% | **3%** | 0-10% |
| Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana | 5% | 0-10% | **2%** | 0-10% |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf | 0% | 0-5% | 0% | 0-5% |
| Hlutabréf | 11% | 0-25% | **15%** | 0-25% |
| Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu | 4% | 0-10% | **5%** | 0-10% |
| Önnur verðbréf | 5% | 0-30% | **10%** | 0-30% |
| Fjárfesting í íbúðarhúsnæði | 0% | 0-1% | 0% | 0-1% |
| **Samtals:** | **100,0%** | | **100,0%** | |

Vægi í flokknum *Innlán í bönkum og sparisjóðum* aukið úr 0% í 5%. Vikmörk aukin, úr 0-15% í 0-20%.

Vægi í flokknum *Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs* minnkað úr 70% í 60%. Vikmörk aukin, úr 50-100% í 40-100%.

Vægi í flokknum *Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga* minnkað úr 5% í 3%.

Vægi í flokknum *Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana* minnkað úr 5% í 2%.

Vægi í flokknum *Hlutabréf* aukið úr 11% í 15%.

Vægi í flokknum *Hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu* aukið úr 4% í 5%.

Vægi í flokknum *Önnur verðbréf* aukið úr 5% í 10%.

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

# FRJÁLSI 3

| Skuldabréf fyrirtækja | Markmið 2014 | Vikmörk 2014 | Markmið 2015 | Vikmörk 2015 |
|---|---|---|---|---|
| Innlán í bönkum og sparisjóðum | 15% | 0-30% | **20%** | 0-**35%** |
| Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs | 70% | 50-100% | **65%** | 50-100% |
| Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga | 5% | 0-10% | 5% | 0-10% |
| Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana | 5% | 0-10% | 5% | 0-10% |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf | 0% | 0-5% | 0% | 0-5% |
| Hlutabréf | 0% | 0-1% | 0% | 0-1% |
| Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu | 0% | 0-1% | 0% | 0-1% |
| Önnur verðbréf | 5% | 0-30% | 5% | 0-30% |
| Fjárfesting í íbúðarhúsnæði | 0% | 0-1% | 0% | 0-1% |
| **Samtals:** | **100,0%** | | **100,0%** | |

Vægi í flokknum *Innlán í bönkum og sparisjóðum* aukið úr 15% í 20%. Vikmörk aukin, úr 0-30% í 0-35%

Vægi í flokknum *Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs* minnkað úr 70% í 65%.



FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# FRJÁLSI TRYGGINGADEILD

| Skuldabréf fyrirtækja | Markmið 2014 | Vikmörk 2014 | Markmið 2015 | Vikmörk 2015 |
|---|---|---|---|---|
| Innlán í bönkum og sparisjóðum | 0% | 0-15% | **5%** | 0-**20%** |
| Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs | 68% | 50-100% | **60%** | 50-100% |
| Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga | 3% | 0-10% | 3% | 0-10% |
| Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana | 2% | 0-10% | 2% | 0-10% |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf | 2% | 0-10% | **3%** | 0-10% |
| Hlutabréf | 15% | 0-30% | 15% | 0-30% |
| Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu | 5% | 0-10% | 5% | 0-10% |
| Önnur verðbréf | 5% | 0-40% | 7% | 0-40% |
| Fjárfesting í íbúðarhúsnæði | 0% | 0-1% | 0% | 0-1% |
| **Samtals:** | **100,0%** | | **100,0%** | |

Vægi í flokknum *Innlán í bönkum og sparisjóðum* aukið úr 0% í 5%. Vikmörk aukin, úr 0-15% í 0-20%.

Vægi í flokknum *Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs* minnkað úr 68% í 60%.

Vægi í flokknum *Fasteignaveðtryggð skuldabréf* aukið úr 2% í 3%.

# BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM

ARNALDUR LOFTSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

# BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM

**10. Ellilífeyrir**

10.1. Mánaðarlegur ellilífeyrir er greiddur frá 70 ára aldri til æviloka skv. Frjálsu leiðinni og Erfanlegu leiðinni en frá 67 ára aldri skv. Tryggingaleiðinni. Hafi sjóðfélagi valið Erfanlegu leiðina sbr. grein 8.2. hefjast greiðslur úr trygginga-deild þó ekki fyrr en greiðslum úr bundinni séreign lýkur, sbr. þó grein 11.13. Réttindaöflun ræðst af innborguðu iðgjaldi og aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds sbr. meðfylgjandi töflu T1. Réttur til ellilífeyris fellur úr gildi við andlát.

**Um greinina**

í gr. 16.2 er kveðið á um það að lífeyri greiðist í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Með viðbótartillögunni er skilgreint í samþykktum að réttur til ellilífeyris falli úr gildi við andlát.



FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

# BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM

10.4. Við töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur í Tryggingaleiðinni og fyrir 70 ára aldurs í Frjálsu leiðinni ráðstafar sjóðfélagi elli- og örorkulífeyrisréttindum sínum endanlega og á því ekki sjálfstæðan rétt til örorkulífeyris eftir það. Hafi hann áunnið sér viðbótarrétt til ellilífeyris með iðgjaldsgreiðslum eftir að hann hóf töku lífeyris skal endurúrskurða honum ellilífeyri hafi hann orðið fyrir orkutapi sem nemur 50% eða meira.

**Um greinina**

Með tillögunni er kveðið á um að sjóðfélagi sem flýtir töku ellífeyris úr samtryggingarsjóði eigi ekki rétt á örorkulífeyri en í tryggingafræðilegum forsendum sjóðsins er ekki gert ráð fyrir að sjóðfélagi fái greitt út hvort tveggja á sama tíma.

# BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM

**11. Örorkulífeyrir**

11.3. Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða ellilífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér frá orkutapi með greiðslu iðgjalds til 65 ára aldurs og bæta við áunninn örorkulífeyrisrétt. Við framreikning réttindaöflunar skal reikna með meðaltali innborgaðra iðgjalda til lágmarkstryggingaverndar sem renna til tryggingadeildar næstu þriggja ára á undan því ári sem orkutap átti sér stað. Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagans óhagstætt vegna t.d. sjúkdóma eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Við útreikning á meðaltali skal þó ekki reikna með hærri iðgjöldum en greidd hefðu verið af 12 milljón kr. árslaunum, sbr. grein 9.15. Viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2007, 266,2. Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% - 100%.

**Um greinina**

Með breytingartillögunni er sjóðnum heimilt við ákveðnar aðstæður að nota önnur viðmiðunarár við framreikning á örorkulífeyri en síðustu 3 ár fyrir orkutap, til hagsbóta fyrir örorkulífeyrisþega.

# BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM

11.4. Örorkulífeyrir er greiddur ef trúnaðarlæknir ~~eða tryggingayfirlæknir meta~~ metur orkutap að minnsta kosti 50%. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjumissi af völdum örorkunnar.

**Um greinina**

Ekki er lengur notast við örorkumat tryggingayfirlæknis.

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM

11.5. Örorkumatið skal vera læknisfræðilegt og fyrstu tvö árin miða við vanhæfni sjóðfélaga til ~~almennra starfa. Fyrstu 2 árin skal þó miða matið við vanhæfni hans til~~ að gegna því starfi sem hann gegndi er hann varð öryrki og hefur menntun eða reynslu til að gegna. Að því tímabili loknu skal orkutap metið á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu. Orkutap skal síðan endurmetið eftir því sem stjórn sjóðsins telur ástæðu til.

**Um greinina**

Með breytingartillögunni er bætt við ákvæði þess efnis að við endurmat á orkutapi sé orkutapið metið á ný með tilliti til nýrra upplýsinga um heilsufar og störf, og árangurs af endurhæfingu.



FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM

11.6. Hundraðshluta örorku skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu umsækjanda og upplýsingum um störf ~~og launatekjur umsækjanda á síðustu þremur árum~~ og möguleika hans á öflun launatekna á matsdegi. ~~Telji stjórn sjóðsins þrjú síðustu ár vera sjóðfélaganum óhagstæð t.d. vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar þrjú bestu árin af síðustu fimm árum.~~ Mat á orkutapi skal miðast við þær heilsufarslegu breytingar sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir eftir að hann hóf greiðslur á lágmarksiðgjaldi til sjóðsins.

**Um greinina**

Breytingartillagan skýrir að örorkulífeyrir sé ekki greiddur vegna orkutaps sem á sér stað áður en sjóðfélagi hefur greiðslur á lágmarksiðgjaldi til sjóðsins.

# BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM

11.8. Aldrei skal samanlagður örorku- og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur orðið fyrir vegna örorkunnar, metið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við mat á tekjumissi er tekið tillit til atvinnutekna, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum svo og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem sjóðfélaginn nýtur vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv. Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal nota sem viðmiðunartekjur meðaltal tekna sjóðfélagans síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið verðbætt til úrskurðardags. Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagans óhagstætt vegna t.d. sjúkdóma eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. ~~Telji stjórn sjóðsins þrjú síðustu ár vera sjóðfélaganum óhagstæð t.d. vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar þrjú bestu árin af síðustu fimm árum.~~ Viðmiðunartekjurnar taka breytingum frá úrskurðardegi í samræmi við breytingar sem verða á launavísitölu. Að sama skapi er stjórn sjóðsins heimilt að líta fram hjá einstökum greiðslum á viðmiðunartímabilinu sem eru ekki hluti af almennum launagreiðslum. Með því er til að mynda vísað til eingreiðslna vegna starfslokasamninga eða annarra greiðslna sem víkja verulega frá fjárhæð þeirra greiðslna sem eru grundvöllur iðgjaldsgreiðslna til sjóðsins á viðmiðunartímabilinu. Í slíkum tilfellum skal heimilt að líta til allt að fimm ára fyrir orkutapið.

**Um greinina**

Breytingartillagan felur í sér að sjóðnum er heimilt við mat á tekjumissi örorkulífeyrisþega að horfa á önnur viðmiðunarár en sl. 3 ár fyrir orkutap við ákveðnar aðstæður til hagsbóta fyrir örorkulífeyrisþega, í samræmi við gr. 11.3. Jafnframt er lagt til að sjóðnum sé heimilt að líta fram hjá óeðlilega háum launagreiðslum þegar metið er hvort sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu við orkutap.

# BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM

11.9 Heimilt er að fengnu áliti trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans enda sé þess gætt að slík endurhæfing standi honum til boða og aðstæður viðkomandi leyfi að hann nýti sér hana. Trúnaðarlæknir sjóðsins, eða eftir atvikum annar sérfróður þjónustuaðili sem sjóðurinn velur, skal leggja mat á það hvort líklegt sé að skipulögð endurhæfing muni skila árangri og þá gera áætlun um endurhæfinguna og umfang hennar. Endurmat á orkutapi skal fara fram að lokinni endurhæfingu.

**Um greinina**

Með breytingartillögunni er sett fram í samþykktunum hverjir hafa heimild til að meta raunhæfi starfsendurhæfingar og að endurmat á orkutapi fari fram að lokinni endurhæfingu.

# BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM

11.10. Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá. Þá er örorkulífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu örorkulífeyris eða fjárhæð hans, svo sem er varðar heilsufar eða tekjur.

**Um greinina**

Með breytingartillögunni er sett fram sú skylda sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri að gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins og að umsókn skuli vísa frá sinni sjóðfélagi ekki upplýsingarskyldu til sjóðsins. Jafnframt er gerð krafa um að örorkulífeyrisþegar upplýsi um ákveðnar breytingar á högum sínum sem kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu örorkulífeyris.

# BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM

11.12 Örorkulífeyrir fellur niður við töku ellilífeyris úr tryggingadeild, eða við almennan ellilífeyrisaldur í þeirri samtryggingarleið sem sjóðfélagi greiddi síðast til, eða þegar örorka er metin minna en 50% eða þegar sjóðfélagi hættir að verða fyrir tekjumissi sbr. gr. 11.4. og 11.8.

**Um greinina**

Breytingartillagan felur í sér samantekt á því í hvaða tilvikum örorkulífeyrir fellur niður.



FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM

**13. Barnalífeyrir**

13.1. Andist sjóðfélagi sem hefur uppfyllt skyldu til lágmarkstryggingaverndar með greiðslum til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, hefur öðlast rétt til framreiknings eða notið elli- og örorkulífeyris við andlát skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en 18 ára eiga rétt á lífeyri til 18 ára aldurs. Sama rétt til 5ífeyri söðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn hefji töku ellilífeyris úr tryggingadeild.

**Um greinina**

Með breytingartillögunni er sett fram núverandi framkvæmd á greiðslu barnalífeyris.

# BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM

**16. Tilhögun lífeyrisgreiðslna**

16.2. Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftirá. ~~Í fyrsta sinn~~Fyrst fyrir næsta mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Ellilífeyrir greiðist frá og með næsta mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum. Berist umsókn um ellilífeyri eftir að hámarksaldri er náð, sbr. gr. 10.2., er heimilt að greiða ellilífeyri aftur í tímann til hámarksaldurs. Aldrei skal sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár reiknuð frá byrjun mánaðar er umsókn berst sjóðnum. ~~Lífeyrisþegi getur sótt um greiðslur aftur í tímann til þess aldurs sem lífeyristaka gat fyrst hafist og er lífeyrisþega heimilt að fá þá upphæð greidda út í einu lagi Ellilífeyrisgreiðslur aftur í tímann úr tryggingadeild takmarkast þó við þann aldur sem fram kemur í gr. 10.1. Heimilt er að takmarka greiðslu lífeyris úr tryggingadeild við fjögur ár aftur í tímann, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.~~

Nemi áunnin réttindi til ellilífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði, og ekki er um sameiningu við önnur réttindi að ræða, er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins, óski hann þess. Upphæðin uppfærist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimilt að fá hana greidda út í heilu lagi. ~~Upphæðir~~ Upphæðin ~~þessar uppfærast~~ uppfærist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

**Um greinina**

Með breytingartillögunni er samþykktum breytt í samræmi við túlkun Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins sem felur í sér að eingreiðslur ellilífeyris aftur í tímann eru ekki leyfðar nema í þeim tilvikum sem sjóðfélagi hefur náð þeim hámarksaldri sem leyft er að fresta töku lífeyris til, sem er 72 ára í Tryggingaleiðinni og 75 ára í Frjálsu leiðinni. Jafnframt er gildi grunnvísitölu á vísitölu neysluverðs breytt til samræmis við grunnvísitölu í *Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða* sem notað er til útreiknings á eingreiðslu lágra réttinda.

# BREYTINGARTILLÖGUR Á VIÐAUKA SAMÞYKKTA

**Breyting réttinda í Tryggingadeild 2 og Tryggingadeild 3**

Frjálsi lífeyrissjóðurinn bauð frá árinu 1999 til 2001 upp á fjórar samtryggingarleiðir. Tvær þeirra, Tryggingadeild 2 og Tryggingdeild 3, voru svo lagðar niður 1. janúar 2002 með breytingu samþykkta. Uppbygging leiðanna var með þeim hætti að Tryggingadeild 2 greiddi lífeyri úr samtryggingu frá 75 ára aldri og Tryggingadeild 3 frá 80 ára aldri, en frá 70 ára aldri fram til greiðslu lífeyris úr samtryggingu var greiddur lífeyrir úr bundinni séreign.

Með breytingu þessari eru réttindi þeirra sjóðfélaga sem greiddu í Tryggingadeild 2 og Tryggingadeild 3 sameinuð réttindum í Frjálsu leiðinni og Erfanlegu leiðinni. Sjóðfélögum stendur til boða að velja í hvora leiðina réttindum þeirra er ráðstafað. Sé ekkert valið er réttindum ráðstafað í þá leið sem sjóðfélagi greiddi í eftir 1. janúar 2002. Hafi sjóðfélagi ekki greitt til sjóðsins eftir 1. janúar 2002 er réttindum hans ráðstafað inn í Frjálsu leiðina. Réttindum er ráðstafað í síðasta lagi 1. september 2015. Með breytingu þessari eru réttindi þeirra sjóðfélaga sem greiddu í Tryggingadeild 2 og Tryggingadeild 3 sameinuð réttindum í Frjálsu leiðinni og Erfanlegu leiðinni.

**Færsla réttinda úr Tryggingdeild 2 og 3 í Frjálsu leiðina**
Réttindi í bundinni séreign færast til frjálsrar séreignar. Samtryggingarréttindi breytast í samtryggingarréttindi í Frjálsu leiðinni með stuðlum úr töflu A.

**Færsla réttinda úr Tryggingadeild 2 og 3 í Erfanlegu leiðina**
Samtryggingarréttindi verða óbreytt frá þeim rétti sem myndaðist með greiðslum í Tryggingadeild 2 og 3, en lífeyristökualdur er hækkaður í samræmi við Erfanlegu leiðina. Greitt er í bundna séreign sjóðfélaga úr tryggingardeildinni samkvæmt áunnum rétti hans í viðkomandi leið, og stuðlum í töflu B.

**Um viðaukann**
Fjöldi sjóðfélaga sem á réttindi og séreign í Tryggingadeildum 2 og 3 er 88 en heildarfjöldi sjóðfélaga í sjóðnum er um 50 þúsund. Breytingin er gerð til að fækka samtryggingarleiðum sjóðsins og þar með einfalda rekstur sjóðsins vegna þess að það er óhagkvæmt að reka tvær samtryggingarleiðir fyrir tiltölulega fáa sjóðfélaga.



FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN